

N Á T T Ú R U F R Æ Ð I S T O F N U N Í S L A N D S

Nefndasvið Alþingis,
Atvinnuveganefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 05. nóvember 2014

2014100017/42-1-3

TB

jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. mál,
Hvammsvirkjun**

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 20. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnun Íslands um tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. mál. Í tillögunni er lögð til breyting á þingsályktunum um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 13/141 þar sem liðurinn „Suðurland, Þjórsá, 29 Hvammsvirkjun“ í a-lið 2. tölul. (Biðflokkur) færist í a-lið 1. tölul. (Orkunýtingarflokkur).

Umsögn

Með bréfi frá verkefnistjórn rammaáætlunar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dagsettu 7. nóvember 2013, var óskað eftir álti Náttúrufræðistofnunar Íslands á því hvort fyrirliggjandi gögn um þrjá virkjunarkosti í Þjórsá, sem þá voru/eru í biðflokki, Urriðafossvirkjun, Holtavirkjun og Hvammsvirkjun, væru nægjanleg til að endurskoða röðun virkjunarkostanna.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar við bréfi verkefnistjórnar frá 7. nóvember 2013 kom m.a. eftirfarandi fram (sjá meðfylgjandi bréf í heild sinni):

„Ef litið er til náttúruverndargildis þeirra svæða sem um ræðir og þeirra þáttu sem það mynda, s.s. lífríki, jarðminjar og landslag, þá er ljóst að upplýsingar um laxfiska hafa ekki verið nægjanleg til að hægt sé að meta áhrif framangreindra virkjana á þennan þátt lífríkisins með sanngjarnri vissu. Markmið laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun er.....Þar sem markmið laganna byggir á því að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi má vera ljóst að virkjunarkostur sem rýrir verulega náttúruverndargildi Þjórsár, þó að af hljótist félagslegur eða efnahagslegur ávinningur, ætti að lenda í verndarflokki og að sama skapi ætti virkjunarkostur sem ekki rýrir náttúruverndargildi að lenda í nýtingarflokki teljist hann hagkvæmur.“

„Ef verkefnistjórn rammaáætlunar á að geta metið hvort líklegt sé að framangreindum markmiðum verði náð fyrir einstaka virkjunarkosti verða að liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar byggðar á gögnum sem fengin eru með vísindalegum hætti.Mat stofnunarinnar byggir á þeiri forsendu að röðun virkjanakostanna ráðist fyrst og fremst af líklegum áhrifum virkjananna á laxfiska í Þjórsá.....“

„.....Bæði í greinargerð þeirra Skúla og Haraldar Rafns og faghópsins er komast að þeirri niðurstöðu að nægjanleg gögn séu fyrir hendi um laxfiska og mótvægisögerðir til að



meta það sem svo að óhætt sé að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk á grundvelli þeirra. Tvennt hefur afgerandi áhrif á þessa ákvörðun, annars vegar að virkjunin virðist hafa lítil áhrif á náttúruleg búsvæði göngufiska, sem eru neðan Búða, og að reynsla ætti að fást af virkni mótvægisáðgerða sem gæti nýst síðar við mat á hinum virkjunarkostunum. Faghópurinn metur það hins vegar svo að fyrirliggjandi gögn séu ekki nægjanleg til að réttlætanlegt sé að færa Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í orkunýtingarflokk úr biðflokki á grundvelli þeirra....."

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar við bréfi verkefnisstjórnar frá 7. nóvember 2013 kemst stofnunin m.a. að eftifarandi niðurstöðu:

„Náttúrufræðistofnun telur að greinargerð Skúla Skúlasonar og Haralds Rafns Yngvasonar lýsi mjög skilmerkilega hvaða þekking er til staðar um laxfiska í Þjórsá og hugsanlegum áhrifum virkjananna á stofna laxfiska. Greinargerðin lýsir einnig vel kostum, göllum og áreiðanleika hugsanlegra mótvægisáðgerða. Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu faghóps um að fyrirliggjandi gögn um náttúrufar/laxfiska séu nægjanleg til að meta hvort færa skuli Hvammsvirkjun úr biðflokki í orkunýtingarflokk. Stofnunin telur hins vegar að gögn skorti til að meta með fullnægjandi hætti áhrif hinna virkjananna tveggja á laxfiska. Betri gögn vantar m.a. um búsvæði fiskanna, ekki síst hrygningarsvæði, og gönguhedgun þeirra til að unnt sé að meta áhrifin af fyrirhuguðum rennslisbreyingum. Jafnframt eru upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir ekki nægjanlegar eins og fram kemur í niðurstöðu faghópsins.....”

Niðurstaða

Af framangreindu er ljóst að Náttúrufræðistofnun telur nægjanlegar upplýsingar vera fyrir hendi til að taka ákvörðun um hvort hægt sé færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í orkunýtingarflokk. Rétt er að taka fram að afstaða Náttúrufræðistofnunar hvað varðar Hvammsvirkjun byggist fyrst og fremst á upplýsingum um náttúrufar sérstaklega áhrifum á laxfiska. Náttúrufræðistofnun telur tillögu verkefnisstjórnar rammaáætlunar um Hvammsvirkjun, sem framangreind tillaga til þingsályktunar byggist á, vel rökstudda og byggða á faglegum forsendum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Bréf Náttúrufræðistofnunar Íslands til verkefnisstjórnar rammaáætlunar, dags. 13. nóvember 2013.



N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N I S L A N D S

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Herdís Helga Schopka,
bt/Verkefnisstjórn rammaáætlunar
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. nóvember 2013

2013110010/42-0

TB

jgo/tb

Umsögn vegna fyrilliggjandi gagna um þrjár virkjanir í Þjórsá

Vísað er til bréfs frá verkefnisstjórn rammaáætlunar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 7. nóvember sl., þar sem óskað er eftir álíti Náttúrufræðistofnunar Íslands á því hvort fyrilliggjandi gögn um þrjá virkjunarkostí í Þjórsá, sem nú eru í biðflokk, Urriðafossvirkjun, Holtavirkjun og Hvammsvirkjun, séu nægjanleg til að meta þá þætti sem taka þarf tillit til í verndar- og orkunýtingaráætluninni við endurskoðun á röðun virkjunarkostanna.

Umsögn

Ef litið er til náttúruverndargildis þeirra svæða sem um ræðir og þeirra þátta sem það mynda, s.s. lífriðki, jarðminjar og landslag, þá er ljóst að upplýsingar um laxfiska hafa ekki verið nægjanleg til að hægt sé að meta áhrif framangreindra virkjana á þennan þátt lífrikisins með sanngjarnri vissu. Markmið laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólikra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmunu þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þar sem markmið laganna byggir á því að sjálfbær þróun sé höfð að leiðarljósi má vera ljóst að virkjunarkostur sem rýrir verulega náttúruverndargildi Þjórsár, þó að af hljótist félagslegur eða efnahagslegur ávinninngur, ætti að lenda í verndarflokki og að sama skapi ætti virkjunarkostur sem ekki rýrir náttúruverndargildi að lenda í nýtingarflokki teljist hann hagkvæmur.

Ef verkefnisstjórn rammaáætlunar á að geta metið hvort líklegt sé að framangreindum markmiðum verði náð fyrir einstaka virkjunarkostí verða að liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar byggðar á gögnum sem fengin eru með vísindalegum hætti. Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsend gögn og reynt að meta hvort þau nægi til að verkefnisstjórn geti endurskoðað röðun framangreindra virkjunarkosta og fært þá úr biðflokk í nýtingarflokk eða verndarflokk. Mat stofnunarinnar byggir á þeiri forsendu að röðun virkjanakostanna ráðist fyrst og fremst af líklegum áhrifum virkjananna á laxfiska í Þjórsá. Náttúrufræðistofnun er því ekki í þessari umsögn að gefa álit sitt á öðrum hagsmunum en þeim sem snúa beint að náttúrfari Þjórsár.



Í greinargerð Skúla Skúlasonar og Haraldar Rafns Yngvasonar (sjá innsend gögn) er farið mjög skilmerkilega yfir þau gögn, sem fyrir liggja. Jafnframt liggur fyrir mat faghóps (sjá innsend gögn, bréf dags. 4. nóvember sl.) á því hvort fyrirliggjandi upplýsingar séu þess eðlis að raða megi einhverjum eða öllum umræddum virkjunarkostum í nýtingarflokk. Bæði í greinargerð þeirra Skúla og Haraldar Rafns og faghópsins er komast að þeirri niðurstöðu að nægjanleg gögn séu fyrir hendi um laxfiska og mótvægisáðgerðir til að meta það sem svo að óhætt sé að færa Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk á grundvelli þeirra. Tvennt hefur afgerandi áhrif á þessa ákvörðun, annars vegar að virkjurnin virðist hafa lítil áhrif á náttúruleg búsvæði göngufiska, sem eru neðan Búða, og að reynsla ætti að fást af virkni mótvægisáðgerða sem gæti nýst síðar við mat á hinum virkjunarkostunum. Faghópurinn metur það hins vegar svo að fyrirliggjandi gögn séu ekki nægjanleg til að réttlætanlegt sé að færa Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun í orkunýtingarflokk úr biðflokki á grundvelli þeirra. Athugasemdir þeirra snúa að mestu að því að ekki hefur verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að boðaðar mótvægisáðgerðir skili árangri. Í skýrslu þeirra Skúla og Haraldar er komist að sömu niðurstöðu um mótvægisáðgerðir.

Náttúrufræðistofnun fékk þetta mál til umsagnar með bréfi dagsettu 7. nóvember sl. og var þess óskað að álíti yrði skilað 15. nóvember. Eins og gefur að skilja er þessi tími of stuttur til að stofnunin geti farið sjálfstætt yfir öll gögn í málinu og með þau, þ.m.t upplýsingar um mótvægisáðgerðir. Af þeim sökum byggist þessi umsögn að mestu á mati á því hvort úttekt Skúla Skúlasonar og Haraldar Rafns Yngvasonar sé áreiðanleg lýsing á stöðu þekkingar um laxfiska í Þjórsá og árangur af hugsanlegum mótvægisáðgerðum. Framvegis óskar Náttúrufræðistofnun eftir því að gefinn verði góður tími til að fara yfir gögn í málum sem stofnunin fær til umsagnar frá verkefnisstjórninni.


Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun telur að greinargerð Skúla Skúlasonar og Haralds Rafns Yngvasonar lýsi mjög skilmerkilega hvaða þekking er til staðar um laxfiska í Þjórsá og hugsanlegum áhrifum virkjananna á stofna laxfiska. Greinargerðin lýsir einnig vel kostum, göllum og áreiðanleika hugsanlegra mótvægisáðgerða. Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu faghóps um að fyrirliggjandi gögn um náttúufar/laxfiska séu nægjanleg til að meta hvort færa skuli Hvammsvirkjun úr biðflokki í orkunýtingarflokk. Stofnunin telur hins vegar að gögn skorti til að meta með fullnægjandi hætti áhrif hinna virkjananna tveggja á laxfiska. Betri gögn vantar m.a. um búsvæði fiskanna, ekki síst hrygningarsvæði, og gönguhegðun þeirra til að unnt sé að meta áhrifin af fyrirhuguðum rennslisbreytingum. Jafnframt eru upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir ekki nægjanlegar eins og fram kemur í niðurstöðu faghópsins. Náttúrufræðistofnun telur að afla þurfi frekari gagna um laxfiskana, búsvæði þeirra og gönguhegðun, og fá nákvæmari upplýsingar um útfærslu mótvægisáðgerða og virkni þeirra áður en unnt sé að meta hvort réttlætanlegt sé að færa umræddar tvær virkjanir úr biðflokki.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson, forstjóri



Trausti Baldursson

